



Fundargerð samgöngunefndar SSA Fundur nr. 3 starfsárið 2014 – 2015

Fundur var haldinn í samgöngunefnd Sambands sveitarfélaga á Austurlandi þriðjudaginn 14. apríl 2015, kl. 15:00 á Gistihúsinu á Egilsstöðum.

Mættir: Anna Alexandersdóttir, Andrés Skúlason, Einar Már Sigurðarson (formaður), Eyjólfur Sigurðsson, Gunnlaugur Stefánsson, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Jakob Sigurðsson og Elfa Hlín Pétursdóttir. Auk þess sat fundinn Björg Björnsdóttir, verkefnastjóri sveitarstjórnarmála sem ritaði fundargerð. Sigrún Blöndal, formaður stjórnar SSA sat fundinn undir 1. og 2. lið.

Einar Már Sigurðarson stýrði fundi.

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykkis.
2. Staða og horfur á vegaframkvæmdum á starfssvæði SSA, skemmri og lengri tíma samgönguáætlun auk annarra brýnna málefna er snúa að þjónustu vegagerðarinnar almennt á svæðinu. Gestir fundarins voru Hreinn Haraldsson vegamálastjóri og Sveinn Sveinsson, deildarstjóri Vegagerðarinnar á Austurlandi. Vegamálastjóri fór yfir stöðu samgönguáætlanna. Fjárhagsramma frá stjórnvöldum hefur skort í vetur til að vinna að áætlunum, hann kom mjög seint fram. Ákaflega takmarkaðar fjárheimildir á árinu 2015 til nýframkvæmda og staðan enn verri er varðar þjónustuna. Engar nýframkvæmdir verða á Austurlandi á þessu ári. Innanríkisráðherra lagði drög að samgönguáætlun til þriggja ára (2015-2018) fyrir ríkisstjórn í morgun. Gert er ráð fyrir lítillegri hækkun fjárheimilda á seinni hluta tímabilsins sem þýðir í raun óbreytt ófremdarástand. Hagsmunaaðilar hafa tækifæri til að koma áherslum sínum á framfæri á meðan áætlunin er í þinglegri meðferð. Hvað tólf ára áætlun (2015-2026) varðar, er staðan enn óljósari. Þar vantar stefnumótun og fjárhagsramma stjórnvalda til grundvallar. Þó er ekki gert ráð fyrir neinum kúvendingum í stefnu. Hagsmunahópar geta haft áhrif á röðun verkefna í tólf ára áætlun. Almennar umræður um áherslur á svæðinu, vísað til samþykktar aðalfundar SSA.
Samgöngunefnd SSA lýsir þungum áhyggjum yfir því skilningsleysi á mikilvægi samganga sem fram kemur í fjárheimildum Alþingis til málaflokksins. Nefndin leggur til að stjórn SSA leiti samstarfs með landshlutasamtökum um að fjárveitingar til vegamála verði stórauðnar og ályktað verði um málið á landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga 17. apríl nk.
3. Almenningsamgöngur á Austurlandi. Farið yfir ýmis gögn, s.s. samninga og tölulegar upplýsingar. Frekari afgreiðslu frestað til næsta fundar nefndarinnar.
4. Farið yfir ályktanir aðalfundar SSA um samgöngumál.
 - Verkefnisstjóra sveitarstjórnarmála falið að boða verkefnisstjóra um markaðssetningu Egilsstaðaflugvallar á næsta fund nefndarinnar.



- AA greindi frá fundi með fulltrúum starfshóps um uppbyggingu fjarskipta og Póst- og fjarskiptastofnun. Verkefnisstjóri sveitarstjórnarmála mun senda kynningu frá fundinum til sveitarfélaga.
 - Formaður bað nefndarmenn að hefjast þegar handa við að leggja drög að ályktunum fyrir næsta aðalfund SSA þannig að hægt væri að ræða þær á næsta fundi nefndarinnar.
5. Önnur mál.
- Ályktun frá Félagi leiðsögumanna með hreindýraveiðum lögð fram til kynningar.
 - Næsti fundur ákveðinn 26. maí kl. 15 á Egilsstöðum.

Fundi slitið kl. 17.45.

Björg Björnsdóttir
Verkefnisstjóri sveitarstjórnarmála